



Borgarráð

Umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við Aðalstræti 10

Á fundi borgarráðs 11. september sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

"a) Hver var áætlaður kostnaður við kaup og framkvæmdir á Aðalstræti 10? b) Hver verður endanlegur kostnaður á fermetra á Aðalstræti 10 sem Reykjavíkurborg keypti og færði til upprunalegs horfs?"

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Aðalstræti 10 var reist árið 1762 og er elsta hús í miðbæ Reykjavíkur. Borgarráð samþykkti þann 14. september 2017 að kaupa Aðalstræti 10 af Minjavernd hf. fyrir krónur 260.5 m.kr. Þá var samþykkt að verja 40 m.kr. til breytinga á húsinu vegna aðgengis fyrir fatlaða og til að bæta salernisaðstöðu og 150 m.kr. til að setja upp sýningu um Reykjavík á vegum MOF. Áætlaður kostnaður við kaup á húsinu og breytingar er því áætlaðar 300,5 m.kr fyrir utan uppsetningu á sýningu.

Breytingar við að koma húsinu í upphaflegt horf á sínum tíma voru á vegum Minjaverndar.

Ekki er byrjað á framkvæmdum en unnið er að hönnun. Húsið er samtals 442,3 m² sem gerir áætlaðan kostnað við kaup og breytingar krónur 679.400 á m² fyrir utan áætlaðan kostnað við sýningu.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Erindi í borgarráð dags. 17. ágúst 2017 vegna Aðalstrætis 10.

Fylgiskjal

Reykjavík, 17. ágúst 2017
R17070029
630

Borgarráð

Sýning um upphaf og þróun Reykjavíkur – og kaup á Aðalstræti 10

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að ganga frá kaupum á Aðalstræti 10 af Minjavernd hf. Umsamið kaupverð er 260,5 m.kr. og skal koma af handbæru fé.

Þá er lagt til að borgarráð samþykki að verja 150 m.kr. af fjárfestingalið til að setja upp sýningu um Reykjavík enda sé slík sýning markmið þessara kaupa.

Jafnframt er lagt til að verja skuli 40 m.kr. af fjárfestingalið til breytinga á húsinu vegna aðgengis fyrir fatlaða og til að bæta salernisaðstöðu. Samanlögð fjárveiting af fjárfestingalið yrði því 190 m.kr. Þar af á þessu ári 55 m.kr og rúmast það innan gildandi fjárfestingaáætlunar.

Greinargerð

Hundrað ára afmæli fullveldis Íslands á næsta ári og nýlegir fornleifauppgreftir í hjarta borgarinnar sem hafa dýpkað og að sumu leyti breytt sýn á upphaf byggðar í Reykjavík gefa margþætt tilefni til að setja upp safn um upphaf, sögu og þróun Reykjavíkur frá landnámi til okkar dags. Tillagan gerir ráð fyrir að þetta verði að veruleika með fjármögnun slíkrar sýningar sem þróuð verði undir forystu Borgarsögusafns og kaupa á Aðalstræti 10, og tengdum byggingum, sem er eitt elsta hús borgarinnar.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hefur verið í viðræðum við Minjavernd hf. um kaup á eignum Minjaverndar að Aðalstræti 10 að frumkvæði Minjaverndar. Með samningi milli Reykjavíkurborgar og Minjaverndar dags. 7. febrúar 2005 voru Minjavernd hf. fengin full umráð fasteignarinnar Aðalstræti 10, matshluta 01 með kauprétti Reykjavíkurborgar og skyldi kaupverð vera kr. 30.0000.000.- miðað við byggingarvísitölu frá febrúar 2005. Uppreiknað á vísitölu júní 2017 er kaupverð kr. 65.150.335. Að baki hússins byggði Minjavernd síðan nýtt hús og tengibyggingu úr gleri sem tengir gamla húsið við það nýja. Undir nýja húsinu við Aðalstræti 10 er góður kjallari sem möguleiki er að tengja sýningarými Landnámssýningarinnar, sem er neðanjarðar, undir Aðalstræti 16. Steyptur veggur skilur þessi tvö rými að í dag, en við framkvæmdir á sínum tíma var gert ráð fyrir þeim framtíðarmöguleika að tengja rýmin og setja sýningu upp í húsunum við Aðalstræti 10.

Það er ljóst að með kaupunum skapast möguleikar á að koma þarna upp afar áhugaverðri sýningu um sögu og þróun Reykjavíkur í hjarta Kvosarinnar. Þessa nýju sýningu ásamt

Landnámssýningunni mætti tengja sérstaklega við sögu og minjar í næsta nágrenni Aðalstrætis, svo sem Víkurgarðsins, en uppi eru hugmyndir um að gera honum betri skil í tengslum við uppbyggingu á Landsímareit. Á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs er unnið að hugmyndum um slíkt, m.a. í samvinnu við Minjastofnun. Jafnframt mun ný sýning verða vettvangur til að miðla sögu og minjum sem nýlega hafa komið í ljós í miðborginni, s.s. á Alþingisreit og við Lækjargötu. Á þann hátt munu Landnámssýningin, hin nýja sýning og nærumhverfið mynda sterka heild og festa sig í sessi sem miðstöð minja og sögu Reykjavíkurborgar. Sjá meðfylgjandi minnisblað Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Afleiddur aukinn rekstrarkostnaður vegna þessara áforma eru 30 m.kr. og er gert ráð fyrir að á árinu 2018 verði tekið tillit til þriðjungs þessarar upphæðar (10 m.kr) en gert er ráð fyrir að sýningin opni í september 2018.

Aðilar hafa fengið tvo fasteignasala til að verðmeta viðbygginu og er mat þeirra krónur 290 m.kr. og 350 m.kr.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 15. ágúst 2017.

Verðmöt frá Eignamiðlun dags. 12. júlí 2017 og Miklaborg dags. 13. júlí 2017.